

1866.

25. maí.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hvort greiða eigi jarðamatskostnað af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu.

Útaf því að Þorsteinn Jónsson, kansallíráð, sýslumaður í Þingeyjar sýslu, hefir látið það álit sitt í ljósi í bréfi, er hingað hafði borizt beina leið, að ekki ætti að gjalda jarðamatskostnað af brennisteinsnámum þeim, sem til færðir eru á 127. bls. B í jarðabókinni frá 1861, hafði þér, herra amtmáður, eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar, getið þess í bréfi dagsettu 24. janúarmán. þ. á., að þér getið ekki verið honum samdóma um þetta, því að yðar hyggju eigi allt eins að gjalda jarðamatskostnað af námum þessum og af öðrum fasteignum, sem eru þjóðeignir, og ef að kansallíráðið hafi borgað jarðamatskostnað af námunum úr sínum sjóði, þá eigi hann að fá það endurgoldið úr ríkissjóðnum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það, að dómsmálastjórnin fellst á álit yðar um þetta málefni.

En þar sem það á hinn bóginn er ákveðið með ofannefndum úrskurði, að hinn eldri sonur áðurnefndra hjóna, Árni, skuli einnig eiga sveit á Helgastöða hrepp, þá virðist úrskurðinum að þessu leyti eiga að breyta fyrir þá sök, að þótt foreldrar með lögmætri dvöl hafi áunnið sér sveit, þá geta börnin ekki, ef þau eru fædd í öðrum hreppi, og þau sjálf eigi hafa helgað sér sveit eptir 16. aldurs ár, orðið sveitlög í þeim hreppi, hvar foreldrarnir höfðu unnið sveit, því framfærsluskýldu foreldrahreppsins er þá lokið í tilliti til barnanna, úr því þau eru 16 ára, og verða þau þá að lenda á fæðingarhreppi sínum, þegar þau sjálf eigi hafa unnið sér sveit. Er þetta álit þerlega tekið fram í bréfi amtsins frá 2. júnímán. 1851 um vitfírringinn Mattías Jónsson, sem úrskurðað var að ætti framfærslu á Háls hreppi, og var sá úrskurður staðfestur með bréfi innanríkisráðgjafans 26. maímán. 1852.

Samkvæmt þessu er því ofannefndur Árni Oddsson sveitlægur á fæðingarhrepp sínum, sem er upplýst að sé Ljósavatns hreppur.